

# Áttu stund væna mín?

## Einstaklingsmiðuð þjónusta á öldrunarheimilum

Brit J. Bieltvedt framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar

6. mars 2012.



# Hver eru fyrirmæli stjórnvalda?

- Samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr.125/1999 í 14. gr. “.....skal þjónusta byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.”
- Samkvæmt “Skipulagi hjúkrunarheimila” Félags- og tryggingamálaráðuneyti nóvember 2008 “skal styðja og styrkja sjálfsmynd og sjálfræði heimilismanna.” og “...miða að því að viðhalda getu, virkni og færni eins og kostur er með hans eigin þáttöku.....”



## Hver eru fyrirmæli stjórnvalda?

- Í “Áherslum í heilbrigðisþjónustu á hjúkrunarheimilum” júlí 2008 leggur gæðaráð L.Í. í öldrunarhjúkrun m.a. áherslu á að:
- “Öll nálgun við íbúa þurfi að einkennast af virðingu og leita þarf leiða til þess að gera þeim kleift að hafa sinn háttinn á í daglegum gangi á heimilinu.”
- “ ....að hver einstaklingur er einstakur og hefur sérstakar þarfir.”



# Hver eru fyrirmæli stjórnvalda?

- Gæðaráðið leggur í lokaorðum áherslu á að íbúar sem dvelja á hjúkrunarheimilum njóti hjúkrunar og umönnunar sem mæti þörfum þeirra sem einstaklinga.
- og ítrekar að ávallt skuli hafa að leiðarljósi að hver einstaklingur er einstakur og hefur rétt til að halda reisu sinni ævilangt.



# Hvað er einstaklingsmiðuð þjónusta?

- Skilgreining mín er:

Einstaklingsmiðuð þjónusta er þjónusta sem tekur mið af þörfum og óskum *einstaklingsins* sem í hlut á. Áhersla er á sjálfræði einstaklingsins og að hver einstaklingur er sérstakur og á rétt á að honum sé mætt sem slíkum.

- Sjálfræði og sveigjanleiki í þjónustunni eru lykilatriði. Þarfir eru ólíkar, skoðanir, lundarfar, smekkur og lífsreynsla er ólík og umönnunaraðili reynir að mæta þörfum hvers og eins.



# Hvernig er andstæðan?

- Það er þjónusta sem gengur út frá heildinni – ekki einstaklingnum.
- Hún gengur út frá því að þarfir fólks séu mjög líkar.
- Hún er nákvæmlega skipulögð og tímasett. Það eru mjög ákveðnar reglur um hvernig þjónustan á að vera og klukkan hvað.
- Forræðishyggja ræður ríkjum.
- Það er ofuráhersla á líkamlega sjúkdóma, fastar rútinur og skipulegt verklag.



# Hvað þarf til í einstaklingsmiðaðri þjónustu?

- Það þarf virðingu fyrir einstaklingnum og sjálfræði hans.
- Það þarf að huga jafnt að líkama og sál.
- Það þarf áhuga, forvitni, skilning og þekkingu umönnunaraðila á aðstæðum hvers íbúa og það þarf umhyggju og vilja til þess að mæta óskum og þörfum einstaklinganna eins og hægt er.
- Það þarf sveigjanleika og lausnarhugsun.



# Hvað þarf til í einstaklingsmiðaðri þjónustu? frh.

- Það þarf breytt viðhorf - heimilishugsun.
- Það þarf gott starfsfólk og viðunandi mönnun.
- Það þarf samráð og gott upplýsingastreymi – lífssaga og samráð við einstaklinginn og aðstandendur er grundvallaratriði.
- Við höfum öll einstaklingsmiðaðar þarfir – það breytist ekki þó að við eldumst og flytjum á öldrunarheimili.





## Hvað þarf fleira að hafa í huga?

- Fólk passar misjafnlega saman – þarf að taka tillit til þess og breyta ef illa gengur.
- Það þarf að setja sig í spor íbúans og muna að öldrunarheimili eru ekki heimili sem íbúar hafa skapað sjálfir.
- Muna að á öldrunarheimilum er íbúinn “ofurseldur” þjónustu starfsmannsins.
- Það þarf að hafa fyrir einstaklingsmiðaðri þjónustu – taka allar hugmyndir til skoðunar þó ekki sé hægt að verða við öllum óskum.
- Vinnuálag verður jafnara og tarnavinna minnkar.



# Hverjir eru styrkleikar og veikleikar í þjónustu á öldrunarheimilum m.t.t. slíkrar þjónustu?

## Styrkleikar:

- Gott starfsfólk
- Aukin þekking og fræðsla
- Jákvæðni
- Heimilishugsun
- Betra húsnæði
- Reynsla annarra t.d. fatlaðra

## Veikleikar:

- Mikið álag
- Lítil mönnun
- Neikvæðni
- Skortur á þekkingu
- Fastheldni í vinnulagi
- Stofnanahugsun
- Forsjárhyggja



# Hvað segir Kitwood um samskipti og einstaklingsmiðaða þjónustu?

- *Ég – Það* samskipti fela í sér hlutgerfingu, fáskiptni og fjarlægð - kerfishugsun.
- *Ég - Þú* samskipti bera vott um einlægni, áhuga og vilja til þess að koma til móts við aðra.

Ef menn hætta á að tengjast öðrum samkvæmt

*Ég – Þú* getur það valdið áhyggjum en í slíkum samskiptum felst einnig möguleiki á að öðlast þroska, lífsfyllingu og gleði. Einstaklingsmiðuð þjónusta krefjist mikils en gefi einnig mikið.



## Kitwood bendir enn fremur á að.....

- Hvert okkar á sér sögu sem er frábrugðin öllum öðrum. Lífssaga hvers og eins er mikilvægt tæki til þess að skilja og nálgast hvern einstakling.

Var einstaklingurinn kennari, verkamaður eða bóndi? Er hann félagslyndur eða einfari? Hefur hann gaman af tónlist, bókum eða söng? Við hvaða aðstæður líður honum best?



## Kitwood segir enn fremur að.....

- Álag sé oft mikið á starfsfólkið þegar lítil mönnun er en hægt sé að eiga mun betri samskipti á meðan grunnhjúkrun er veitt.
- Ekki sé óalgengt að sjá skammvinn og yfirborðskennd samskipti, þegar starfsfólkið hefur sinnt augljósum skyldustörfum fer það oft að spjalla hvað við annað eða taka sér eitthvað hagnýtt fyrir hendur.



## Kitwood bendir enn fremur á að.....

- Vellíðan fólks sem vinnur við umönnun hafi verið vanrækt.
- Stofnanir geti farið margar leiðir í því að sinna starfsfólki sínu með t.d. betri vinnuskilyrðum, sveigjanlegum vinnutíma, góðri starfsþjálfun, fræðslu, handleiðslu, teymisvinnu, einstaklingsbundinni starfsþróun o.fl.



# Kitwood bendir á leiðir til úrbóta vegna álags

- Sjálfboðaliðar geti létt á álagi.
- Margir ættingjar vilji gjarnan taka virkan þátt í umönnuninni. Það létti af starfsfólki ákveðnum verkum. Það skapi traust og þekkingu á þörfum og óskum íbúa. Síðast en ekki síst skapi nærvera ættingja vellíðan og öryggi íbúans sem fluttur er á nýjan stað.
- Kitwood telur að einstaklingsmiðuð þjónusta nærri sálina og veiti vellíðan bæði hjá einstaklingum og starfsmönnum.



# Eden Alternative hugmyndafræðin – fjallar líka um einstaklingsmiðaða þjónustu

- Höfundur er Dr. William H. Thomas
- Gerði rannsóknir á líðan fólks á hjúkrunarheimilum
- Það sem helst hrjáir fólk á öldrunarheimilum er:
  - einmanaleiki
  - vanmáttarkennd
  - leiði

Kallar þetta plágurnar þrjár





# Hvað er til ráða?

- Breyta þurfi menningu á öldrunarheimilum og skapa LÍF sem vert er að lifa
  - aðalatriðið er persónan ekki sjúkdómarnir
  - horfa á getu en ekki getuleysi
  - hverfa þurfi frá sjúkrahúsmódeli -> heimili
  - skapa heimili sem er lífgefandi þar sem pláss er fyrir fjölbreytt líf m.a. börn, dýr og plöntur
  - mæta hverjum einstaklingi og efla sjálfræði hans
- Skapa gróðurreit þar sem lífið hefur tilgang.



# Grunnreglur Eden

- 1. Einmanaleiki, vanmáttarkennd og leiði eru megin ástæður vanlíðunar meðal fólks sem býr á öldrunarheimilum.



# Grunnreglur Eden frh.

- 2. Lausnin er að skapa aðstæður þar sem lífið snýst um nán samskipti og tengsl.



# Grunnreglur Eden frh.

- 3. Mótefnið við einmanaleika er nán félagsskapur og umhyggja



# Grunnreglur Eden frh.

- 4. Mótefnið við vanmáttarkennd er að vera virkir þátttakendur – að þiggja en fá líka tækifæri til þess að veita



# Grunnreglur Eden frh.

- 5. Mótefnið við leiða eru óvæntir og ófyrirsjáanlegir atburðir/uppákomur



# Á öldrunarheimilum þarf að skapa fjölbreytt líf þar sem allt getur gerst..



**Akureyri – öll lífsins gæði**

# Hver er staðan á öldrunarheimilum í dag?

- Mikil þróun hefur átt sér stað undanfarin ár og leitað er margra leiða til þess að bæta þjónustuna á öldrunarheimilum. Við vitum betur hvað þarf til:
  - það þarf að breyta viðhorfum og menningu
  - það þarf að efla þekkingu starfsmanna
  - það þarf að efla skilning á aðstæðum fólks sem flytur á öldrunarheimili
  - það þarf að efla heimilishugsun í stað stofnana-hugsunar og að öldrunarheimili eru heimili þeirra sem þar búa. Starfsfólkið vinnur á heimilum íbúa!





# Hver er staðan á öldrunarheimilum í dag?

- Skilningur á einstaklingsmiðaðri þjónustu og krafa um slíka þjónustu fer vaxandi – bæði hjá hinu opinbera og einstaklingum.
- Við horfum meira á *persónuna* – líkama og sál - spyrjum íbúa og aðstandendur og hlustum betur.
- Við erum að efla samráð og upplýsingastreymi.
- Rannsóknir sýna að einstaklingsmiðuð þjónusta veitir bæði íbúa og starfsmanni meiri lífsfyllingu og ánægju og spari þar með tíma þegar til lengri tíma er litið.



# Niðurstaða mín

- Já, “við getum átt stund” ef við erum tilbúin að taka þátt í nauðsynlegri þróun þjónustunnar og hugsa hlutina upp á nýtt. Einstaklingsmiðuð þjónusta hentar á stórum og smáum öldrunarheimilum – en það þarf þekkingu, skilning og vilja til!

Takk fyrir!



# Helstu heimildir:

- Áherslur Landlæknisembættis í heilbrigðisþjónustu á hjúkrunarheimilum (2008).
- Kitwood, Tom (2007). Ný sýn á heilabilun. Einstaklingurinn í öndvegi. Reykjavík JPV útgáfa
- Thomas, W. (1996). Life Worth Living: How someone you love can still enjoy life in a nursing home-The Eden Alternative in Action. Massachusetts: VanderWyk & Burnham A Division of Publicom, Inc
- [www.dementiacareaustralia.com](http://www.dementiacareaustralia.com)
- [www.edenalt.com](http://www.edenalt.com)

